



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA


Hafnargata 20, Reykjanesbæ
www.studlaberg.is
s. 420-4000



VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 29. NÓVEMBER 2023 // 45. TBL. // 44. ÁRG.

Aetlar aftur til Grindavíkur



Helgi fyrir framan einbýlishúsið sitt í Grindavík. Lóng og djúp sprunga er undir húsinu. VF/pket

„Þetta er frekar stór sprunga, um sex til átta metra djúp og nær undir allt húsið. Hún var minni í byrjun en hefur stækkað mikið. Húsið að innan er hins vegar í lagi að mestu leyti en það er ólíklegt að við búum hér aftur,“ segir Grindvíkingurinn Helgi Rafn Emilsson en hann og fjölskylda hans eiga einbýlishús að Vesturópi 29 sem er austan megin í bænum.

„Við vorum með fyrstu íbúunum sem fengu að fara til að kíkja á aðstæður eftir jarðskjáltaletin en þá var þetta ekki svona slæmt, sennilega bara eins til tveggja metra djúp sprunga sem er nú orðinn margfalt stærri. Maður er frekar daufur og dofinn en verður að halda áfram. Sprungan stóra sem gengur í gegnum bæinn er hérna rétt við og sprungan hér við okkar hús er afleiðing af henni. Gatan hér fyrir framan húsið okkar hefur öll gengið til og það er allt í rúst hér undir húsinu og að hluta í kringum það, lóðin og sólpallurinn.“

Helgi segist nokkuð öruggt að þau muni ekki flytja aftur í húsið þó innbúið sé í lagi en hann hefur flutt það inn í bílskúr. „Konan mín er þó ekki úr Grindavík og því ekki alveg eins hörð og ég að koma aftur.“



Unnið að viðgerð á Austurvegi í Grindavík þar sem stóra sprungan þveraði götuna. VF/Hilmar Bragi

Fjölskyldur Helga og bróður hans, alls þrettán manns, hafa gisti í sumarbústað en fjölskylda hans er nýbúin að fá inni í íbúð í Kópavogi sem þau hafa fram að áramótum. „En ég ætla að koma

aftur til Grindavíkur. Planið var að fara að opna veitingastað og ég stefni enn að því. Ég er bjartsýnn á að það færist líf aftur í Grindavík,“ segir Helgi sem er menntaður matreiðslumaður.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, matvælaráðherra, og Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og ferðamálaráðherra, heimsóttu Grindavík á þriðjudaginn til að kynna sér ástandið og aðstæður með eigin augum. Hér eru þau í björgunarmiðstöðinni í Grindavík. VF/pket

**Þóla-
appdagatal nettó**

Við kynnum ný og vegleg apptilboð á jóla-
vörum á hverjum degi frá 1. til 24. desember.
Nánar á netto.is.

Sæktu
appið og
byrjaðu að
spara!

Allt hreint
Umhverfsvottuð ræstingarþjónusta

HREINSUM RIMLAGARDÍNUR OG MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

ARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900 f FINNDU OKKUR Á FACEBOOK

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

- Akurskóli** - Starfsfólk skóla
- Háaleitisskóli** - Kennari í samfélagsfræði á mið- og elsta stig
- Háaleitisskóli** - Kennari í íslensku á elsta stig (8. - 10. bekkur)
- Háaleitisskóli** - Umsjónarkennari á miðstigi (5. - 7. bekkur)
- Leikskólinn Holt** - Leikskólakennari
- Menntasvið** - Leikskólastjóri
- Myllubakkaskóli** - Kennari á unglíngastigi
- Njarðvíkurskóli** - Starfsmenn skóla og í sérdeildina Ösp við Njarðvíkurskóla
- Njarðvíkurskóli** - Kennari, íslenska sem annað mál
- Stapaskóli** - Umsjónarkennari á unglíngastigi
- Velferðarsvið** - Búsetuúrræði fyrir fatlaða í Aspardal
- Viltu starfa hjá Reykjanesbæ?** Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTIKANS



Hjartans þakkir til ættingja, vina og samferðamanna, fyrir auðsýnda samúð, hlýju og kærleika vegna andláts og útfarar eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,



LÁRUSAR ÓLAFS LÁRUSONAR,
Pósthústræti 5, Reykjanesbæ,

sem andaðist 30. október síðastliðinn.

Kærar þakkir til starfsfóks sjúkradeildar HSS fyrir yndislegt viðmót, góða aðhlyningu og hlýleika.

Ingibjörg Magnúsdóttir,
börn, tengdabörn, barnabörn og langafastelpur.

Jólaþukka VF í tuttugasta og annað sinn

■ Sexþúsund vinningar. Útdráttarvinningar samtals að verðmæti yfir 2 milljónir króna

Nítján verslanir og þjónustuaðilar á Suðurnesjum eru með í Jólaþukku Víkurfrétta 2023 sem hefst 1. desember en þetta er í tuttugasta og annað skipti sem Víkurfréttir standa fyrir þessum vinsæla skafmiðaleik í samvinnu við verslanir og þjónustuaðila í desember.

Sex þúsund vinningar eru í Jólaþukkunni en auk þess verða glæsilegir vinningar dregnir út þrisvar sinnum í desember, m.a. tvö 65“ Philips sjónvörp, tvö 100 þúsund króna gjafabréf, þrjú 50 þúsund og tuttugu 15 þúsund króna gjafabréf í Nettó appinu. Þá verður dreginn út hóteltgisting og kvöldverður fyrir tvo á Diamond Suites á Hótel Keflavík, hóteltgisting og morgunverður á Courtyard by Marriott í

Reykjanesbæ og sömuleiðis frá Íslandshótelum. Þá má nefnda fleiri veglega vinninga, borsett frá Húsasmíðjunni, háþrýstidælu frá Múrbúðinni, hrærivél frá Nettó, 30 þúsund kr. gjafabréf frá Reykjanesoptikk og jólakonfekt frá Nóa/Síríus.

Margir veglegir vinningar eru á skafmiðum, m.a. gjafabréf frá fjölda veitingastaða og verslana í Reykjanesbæ, vinsælustu jólaþukunum á ári, jólamatur og margt, margt fleira. Vinningar eru frá yfir fimmtíu fyrirtækjum og aðilum á Suðurnesjum.

Jólaþukkan hefst 1. desember en í þessum vinsæla jólaþekki fá viðskiptavinir nítján verslana og fyrirtækja sem bjóða Jólaþukku, skaf-

miða þegar verslað er fyrir 8.000 krónur eða meira. Listi yfir þá aðila sem bjóða Jólaþukku VF má sjá í auglýsingu í blaði vikunnar.

Útdráttir verða þrisvar í desember og er fólk hvatt til að fara með skafmiða með engum vinningi í kassa sem eru í verslunum Nettó í Reykjanesbæ og Grindavík. Nöfn vinningshafa verða birt í Víkurfréttum og á vf.is.



Opnuðu verslunina til að veita mikilvæga þjónustu við iðnaðarmenn í Grindavík

Vélsmiðja Grindavíkur hefur opnað aftur í Grindavík og þjónustar núna iðnaðarmenn og fyrirtækin í bænum. Iðnaðarmennirnir eru að vinna við viðgerðir á innviðum bæjarins á meðan fyrirtækin við höfnina eru að reyna að hefja einhverja starfsemi að nýju, þó svo hún sé smá í sniðum.

„Þetta er búið að vera skritið en það er gott að vera kominn aftur. Við vorum hérna síðast föstudaginn 10. nóvember og ekkert verið síðan þá, nema í verðmætahjörgun þegar við tókum verkfæri úr smíðjunni og eitthvað af lagernum hjá okkur,“ segir Bjarki Sigmarsson hjá Vélsmiðju Grindavíkur sem rekur verslun með ýmsum nauðsynjum fyrir fyrirtæki og einstaklinga í Grindavík. Þjónustuna er mikilvægt að hafa í bæjarfélaginu.

Smíðjan er komin tímabundið til Hafnarfjarðar en búðin stóð eftir lokuð og læst. Núna þegar líf er að færast aftur yfir Grindavík, þar sem iðnaðarmenn vinna að lagfæringum eftir jarðskjálftana og fyrirtækin á hafnarsvæðinu að byrja starfsemi, varð mönnum ljóst að verslun Vélsmiðju Grindavíkur yrði að vera opin enda þurfa iðnaðarmenn mikið að leita þangað eftir nauðsynjum. Að sögn Bjarka fékkst leyfi bæði frá lögreglustjóranum á

Suðurnesjum og almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra.

„Það var pressa á okkur því það vantaði þjónustuna og við opnuðum því á mánudaginn, sautján dögum eftir hamfarirnar og það var ánægjuleg stund.“

Bjarki segist fullur bjartsýni fyrir hönd Grindavíkur og hlakkar til að komast heim aftur. Hann býr vestast í þorpinu og segir húsið sitt vera í góðu lagi, a.m.k. við fyrstu skoðun. „Ég myndi flytja heim í kvöld ef ég mætti það,“ segir hann og bætir við við að það hafi verið umræða yfir kaffibollanum í Vélsmiðju Grindavíkur að það væru forréttindi að fá að sofa í rúminu sínu og setjast í sófann sinn fyrir framan sjónvarpið á kvöldin. Bjarki

er ekki bjartsýnn á að jólin verði haldin í Grindavík en það verði vonandi fljótlega eftir áramót sem Grindvíkingar fari að flytja heim að nýju. „Það þarf að yfirfara lagnakerfi og ýmislegt áður en við hlepum öllum inn aftur – en útlíðið er víst betra en þeir þorðu að vona,“ segir Bjarki Sigmarsson í Vélsmiðju Grindavíkur.



Stefán og Páll eru tveir af fastakúnum.



Sigurbjörn og Bjarki að aðstoða viðskiptavinum. vf/pket



Ellert Eiríksson jarðsönginn frá Keflavíkurkirkju

Ellert Eiríksson, fyrrverandi bæjarstjóri og sveitarstjóri var jarðsönginn frá Keflavíkurkirkju 23. nóvember. Séra Skúli Ólafsson, fyrrverandi sóknarprestur í Keflavíkurkirkju jarðsöng. Organisti var Arnór Vilbergsson, söngur var í höndum Kórs Keflavíkurkirkju og Sigurðar Guðmundssonar sem söng einsöng. Fjölmargir ættingjar, vinir og samstarfsaðilar fylgdu Ellerti síðasta spólinn. Hann var síðasti bæjarstjóri Keflavíkurkaupstaðar og fyrsti bæjarstjóri Reykjanesbæjar og ól manninn alla tíð á Suðurnesjum.

VF Auglýsendur athugið!
Það er farið að stytta í jólin

Rafbílaútsala

Stórlækkað verð til áramóta!



Volkswagen ID.4 Pro 4MOTION

Útsöluverð: 7.490.000 kr.

Verð áður: 8.290.000 kr.



Volkswagen ID.4 GTX

Útsöluverð: 7.890.000 kr.

Verð áður: 8.790.000 kr.



Volkswagen ID.5 GTX

Útsöluverð: 8.180.000 kr.

Verð áður: 9.380.000 kr.



Volkswagen ID.Buzz Cargo

Útsöluverð: 7.440.000 kr.

Verð áður: 8.440.000 kr.

Hleðslustöð
fylgir öllum
útsölubílum



Audi Q4 e-tron Sportback

Útsöluverð: 9.630.000 kr.

Verð áður: 10.630.000 kr.



Audi Q4 e-tron

Útsöluverð: 8.170.000 kr.

Verð áður: 9.170.000 kr.



BÍLAKJARNINN

Njarðarbraut 13 • 260 Reykjanesbær • Sími 421 2999 • bilakjarninn.is



8 Ára ábyrgð
á rafhlöðum

Krákan er komin í Reykjanesapótek

„Ég byrjaði að gera skartgripa í kringum 2014–2015 og notaði gamalt skart, perlu og ýmislegt fleira sem ég endurnýtti. Það þróaðist í að ég fór að hanna skart undir nafninu Krákan,“ segir Lára Björnsdóttir, hönnuður Krákunnar, en hún flutti árið 2020 í Innri Njarðvík.

Lára bjó á Spáni fyrir Covid og þar byrjaði Krákan að þróa. „Ég hafði góðan aðgang að heildsölu til að fá efni. Efnið sem notað er í Krákuna er málmur sem er húðaður og hefur reynst vel. Fyrst gerði ég krákuhálsmen með svörtu leðurbandi og svo hefur bæst í úrvalið keðjukraka, krákumen,

eyrnalokkar og nýjast er tvöfalt krákumen. Þessar vörur hafa verið til sölu á Garðatorgi en nýverið bættist Reykjanesapótek á Fitjum við. Ég er mjög spennt að sjá viðtökur hér á Suðurnesjum. Þetta eru skemmtilegar gjafir og koma í gjafaöskjum ef fólk vill,“ segir Lára

en hún á ættir að rekja í Hafnir á Reykjanesi. „Forfeður mínir bjuggu í Kotvogi í Höfnum og maðurinn minn er héðan úr Njarðvík. Ég ætlaði mér aldrei að flytja til Suðurnesja en er mjög ánægð að hafa gert það enda með Suðurnesjablód í æðum,“ segir Lára.



Krákukonan Lára Björnsdóttir.



Magnús Kjartansson hlaut Súluna

Súluna, menningarverðlaun Reykjanesbæjar fyrir árið 2023, var afhent við skemmtilega athöfn í Rokksafni Íslands í Hljómahöll á sunnudag. Verðlaunin eru veitt þeim sem stutt hafa vel við menningarlíf sveitarfélagsins og var þetta í tuttugasta og sjöunda sinn sem Súluna var afhent. Að þessu sinni hlaut Magnús Jón Kjartansson, tónlistarmaður, verðlaunin fyrir framlag sitt til dægurtónlistar og tónlistarlífs í Reykjanesbæ. Verðlaunagripurinn er silfursúla eftir listakonuna Elisabetu Ásberg.



Páll Ketilsson
pket@vf.is



Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is

Magnús var aðeins fimmtán ára gamall, þegar hann fór að leika með hljómsveitum í klúbbum á Keflavíkurflugvelli. Magnús stofnaði hljómsveitina Júdas með Finnboga bróður sínum og tveimur öðrum og lék með fjölda annarra hljómsveita eins og Trúbrot, Brunaliðinu, Óðmönnum, HLH-flokknum o.fl. Magnús hefur verið einn afkastamesti hljóðvers tónlistarmaður landsins, stjórnað upptökum og útsett og samið tónlist fyrir eigin hljómsveitir og aðra flytjendur. Magnús hefur komið að vinnslu fjölmargra hljómsveitna, þar á meðal eru sólóplötur Vilhjalms Vilhjálmssonar og margra annarra. Hann hefur starfrækt eigið hljóðver, stjórnað kórum m.a. Flugfryjukórnum og Sönghópo Suðurnesja, samið þekkt lög, auglýsingastef og tónlist fyrir sjónvarpsþætti og kvikmyndir.

Meðfram þessu sinnti hann trúnaðarstörfum og beitti sér fyrir hagsmunum sinna félaga m.a. fyrir Félag tónskálda og textahöfunda, FTT, þar sem hann var formaður og framkvæmdastjóri og samtök höfunda, STEF, þar sem hann var stjórnarmaður og formaður. Þessum störfum sinnti hann í yfir tvo áratugi. Magnús var gerður að heiðursfélagi FTT árið 2011. Í mars sl. hlaut Magnús heiðursverðlaun íslensku tónlistarverðlaunanna fyrir framlag sitt til íslenskrar tónlistar. Súlan, menningarverðlaun Reykjanesbæjar bættist nú í viðurkenningasafn Magnúsar.

Atvinnumaður í tónlist frá fimmtán ára aldri

Magnús Jón Kjartansson, sem fæddist í Keflavík þann 6. júlí 1951, þarf vart að kynna enda einn af þeim stóru í íslensku tónlistarlífi. Segja má að tónlistarferill hans hafi hafist þegar stofnuð var drengjalúðrasveit við barnaskólann í Keflavík. Þar lék hann á trompet fyrst hjá lúðrasveitinni en síðan í Tónlistarskóla Keflavíkur.



Aðventugleði fyrir Grindvíkinga á Réttinum

„Ég geri allt fyrir uppáhalds nágranna mína,“ segir veitingamaðurinn Magnús Þórisson á Réttinum en hann ætlar að bjóða Grindvíkingum og öðrum til sín á Réttinum á miðvikudag milli 18 og 21. Það vantar ekki hjá veitingastöðum í Reykjanesbæ að rétta nágrönnum sínum hjálparhönd en á laugardaginn var Grindvíkingum boðið á Brons þar sem frítt var í

þílu og Grindvíkingar gátu verið saman.

Magnús var búinn að ganga með þessa pælingu í maganum í nokkurn tíma en talið er að hið minnsta 200 Grindvíkingar búi viðsvegar á Suðurnesjunum þessa dagana. „Ég ákvað að kalla þetta aðventugleði Grindvíkinga á Réttinum. Ég mun bjóða upp á jólarétti og fleira gott, gos og svaladrykki, kakó og piparkökur

á meðan birgðir endast. Fyrst og síðast verður þetta samverustund fyrir Grindvíkinga og aðra sem vilja koma og sýna Grindvíkingum samhug. Það verða tónlistaratriði, open mic og þá bæði fyrir söng og gamanmál en fyrst og fremst er þetta hugsað sem notaleg stund hjá Grindvíkingum. Ég vona að sem flestir láti sjá sig,“ sagði Magnús.

Samverustaður fyrir Grindvíkinga

Opinn samverustaður fyrir Grindvíkinga verður í safnaðarsal Ytri-Njarðvíkurkirkju mánudaga og miðvikudaga á milli kl. 15–18.

Hefst mánudaginn 27. nóv. Heitt á könnunni, spjall, möguleiki á sál-gæslusamtali, barnahorn.

Kirkjurnar á Suðurnesjum.

Jólaúthlutun Velferðarsjóðs Voga

Opnað hefur verið fyrir umsóknir vegna jólastyrkja úr Velferðarsjóði Voga. Umsóknir þurfa að berast fyrir 3. desember 2023. Umsækjendur þurfa að vera búsettir í Vogum og hafa þar lögheimili. Umsókn þarf að fylgja búsetuvottorð og staðgreiðsluskrá fyrir þann sem sækir um. Ef um hjón/sambúðarfólk er að ræða þá þurfa báðir aðilar að skila inn staðgreiðsluskrá. Umsóknnum ásamt fylgigögnum skal skila á netfangið: velferdvogar@gmail.com.

Kvenfélagið Fjóra
Lionsklúbburinn Keilir
Kálfatjarnarkirkja



Jólaástoð félagsamtaka í Grindavík 2023

Neyðaraðstoð félagsamtaka í Grindavík fer fram í ár eins og síðustu ár, fyrir þá Grindvíkinga sem vantar aðstoð.

Verkefnið er samstarfsverkefni Kvenfélags Grindavíkur, Sjómanns- og vélstjórafélags Grindavíkur, Lionsklúbbs Grindavíkur, Verkalýðsfélags Grindavíkur og Grindavíkurkirkju.

Hægt er að sækja um úthlutun frá þriðjudegi 27. nóvember til og með laugardagsins 9. desember nk.

Umsóknnum er skilað inn í gegnum þjónustugátt Grindavíkurbæjar, sem má finna á heimasíðu bæjarfélagsins. Úthlutun fer fram miðvikudaginn 13. desember klukkan 10:00–16:00 í Tollhúsinu, 4. hæð.

Jólaþjósinn tendruð í Suðurnesjabæ á fullveldisdaginn

Jólaþjósinn verða tendruð í Suðurnesjabæ á fullveldisdaginn þann 1. desember líkt og síðustu ár. Dagskrá verður í báðum byggðakjörnum, Garði og Sandgerði þar sem boðið verður uppá skemmtidagskrá í kjölfar þess að yngstu nemendur grunnskólanna ásamt bæjarstjóra kveikja jólaþjós á jólatrjám.

Dagskrá:

17.00 kveikt á jólatrénu við ráðhúsið í Garði.

Tónlistaratriði frá tónlistarskólunum í Garði
Jólasveinar verða á staðnum, heitt súkkulaði og piparkökur. Glaðningur verður fyrir yngstu börnin.

18.00 kveikt á jólatrénu við Sandgerðisskóla.

Tónlistaratriði frá tónlistarskólunum í Sandgerði
Jólasveinar verða á staðnum, heitt súkkulaði og piparkökur. Glaðningur verður fyrir yngstu börnin.

Nýr og alrafmagnaður Kia EV9.

Sérstök frumsýning hjá K. Steinarssyni
á fimmtudag frá 17-19.



Movement that inspires

Ímyndaðu þér alrafmagnaðan jeppa með nóg rými fyrir alla fjölskylduna og þú þarft ekki að gera neinar málamiðlanir. Opnaðu á alla möguleika á nýjum og alrafmögnum Kia EV9.

Frumsýndur fimmtudag frá 17-19 í sýningarsal okkar á Njarðarbraut 15.

Komdu, reynsluaktu og upplifðu rafmagnaða framtíð Kia.

Við hlökkum til að sjá þig.



ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



T Æ S R U G N A G U K I V K J
 V É M K G T G E L I F Y E L Ó
 Í T Á H R U T S E L A Ð Ó J L
 R A K R P I F A S S A N A N A
 E M Ö P A D R Ó K S A K K A T
 Y É K É Æ N A R T A É S Ú T Ó
 K A U P A T Ó B L Ó J H F E N
 T R R Á G L Í T I B M A É Ú L
 Ó E J A G U M S U S T Ó M D E
 G B Æ P S U G U T T U T Ú N I
 A M E R K I M I Ð I N N P E K
 L E S T Ó Í Y Ú K E D E S B A
 D S R U F R O H R U Ð E V Á R
 N E A L S I E V U T Ö K S Ð P
 A D E M A N T A R Æ L L A Ð A

ADVENTUTÓNAR
 TVÍREYKT
 JÓLATÓNLEIKAR
 NEFHJÓL
 DESEMBER
 MERKIMÍÐINN
 DEMANTAR
 LJÓDALESTUR
 SMÁKÖKUR
 SKÖTUVEISLA

KVIKUGANGUR
 TUTTUGU
 NARTA
 VEÐURHORFUR
 ABALL
 KAUPA
 TAKKASKÓR
 ÓLEYFILEGT
 ANANASSAFI
 SMUGA

Gangi þér vel!

„Byggðasaga af bestu sort

– vel rannsökuð, læsileg og ítarleg lýsing á byggð, búskap og þó fyrst og fremst sjávarútvegi í Vatnsleysustrandarhreppi frá miðöldum og fram um 1930.“

Svo segir í ritdómi Guðmundar Jónssonar í tímaritinu Sögu (2:2023, bls. 238-241), um bók Hauks Aðalsteinssonar, Út á brún og önnur mið, sem kom út fyrir ári síðan.

Í bókinni er rekin saga bændaútgerðar í Vogum og á Vatnsleysuströnd, allt frá elstu fánlegu heimildum fram á þriðja áratug tuttugustu aldar þegar vélbátar höfðu leyst árabátana af hólmi. Sagt er frá áhrifum Viðeyjarklausturs á svæðinu, konungsútgerð, spítala-fiski, sjósókn, netaveiðideilum, saltfiskverkun, sjóbúðum og þilskipaútgerð.


Bók þessi byggir á viðamikilli könnun frumheimilda í fornbréfasafni, Þjóðskjalasafni og fleiri skjalasöfnum sem gefur í mörgum tilfellum nýja sýn á söguna, bæði sögu svæðisins sem og sjósóknar. Hún er öllum áhugasömum um útgerðarsögu fróðleg lesning og fræðandi um lífshætti þeirra sem sóttu sjóinn og byggðu landið fyrir öldum.

Höfundurinn, Haukur Aðalsteinsson (f.1945), er skipasmiður, fæddur og uppalinn á Vatnsleysuströnd. Hann hefur lengi verið áhugamaður um sögu útgerðar og hefur áður birt tímaritsgreinar um sögu þilskipa á Suðurnesjum. Þá hefur hann einnig smíðað tvíæring, algengasta fiskibát við sunnaverðan Faxaflóa á átjándu öld, eftir teikningu úr Íslandsleiðangri Joseph Banks árið 1772 og er bátunum lýst í bókinni. Bátur þessi hefur verið til sýnis í Duus í Keflavík.

Mikið af efninu er sótt í frumheimildir og hefur ekki áður komið fyrir sjónir almennings.

Ritstjóri bókarinnar er Jóhanna Guðmundsdóttir, sagnfræðingur á Þjóðskjalasafni, búsett í Vogum.

Ljósmyndari er Ellert Grétarsson og kortagerðarmaður Hans H. Hanssen.



Höfundur les upp úr bók sinni á bókakynningu í Álfagerði.

Í ritdómnum segir Guðmundur ennfremur: „... man ég varla eftir veglegri umfjöllun um fiskveiðar og útgerð yfir svo langan tíma. Að baki verkinu liggur mikil rannsóknarvinna og er lofsvert hve vel höfundur nýtir sér skjöl af ýmsu tagi, bréf og skýrslur embættismanna, fógetareikninga, jarðarbækur, hagskýrslur, dómabækur, skipshafnarskrár og fleira. Mjög fin kort, ljósmyndir og upprættir bæta miklu við efnið. Ekki sakar að höfundurinn er heimamaður, gjörkunnugur staðhátum og útgerð í hreppnum – og hefur sjálfur haft skipasmiðar að starfi. Svo vandaða bók með svo mörgu áhugaverðu efni verður að telja umtalsvert framlag til byggðar- og sjávarútvegssögu.“

Guðmundur rekur síðan fjölmörg efnisatriði bókarinnar og endar ritdóminn á þessum orðum: „Út á brún og önnur mið sýnir að háskólagráða í sagnfræði er ekki nauðsynleg til að skrifa fyrirtaks sagnfræðirit.“

Slóð á bókina í Bókatiðindum: **Bókatiðindi - Út á Brún og önnur mið - útgerðarsaga Vatnsleysustrandarhrepps til 1930 - Haukur Aðalsteinsson** (<https://www.bokatidindi.is/bok/ut-a-brun-og-onnur-mid-3238>)

Hún fæst í Pennanum, Bókakaffinu og hjá útgefanda í Vogum.

Þorvaldur Örn Árnason, stjórnamaður í Minjafélaginu.

SUÐURNESJA **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín? Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bíla viðgerðir
Smurpjonusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
 sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið: 11-13:30 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyirn.is //

Veiddin þó nokkuð tregari hjá færabátunum

Síðasti pistill fjallaði að miklu leyti um bátinn Maron GK sem á sér mjög langa sögu í útgerð á Suðurnesjum en því miður kom enginn mynd af bátunum inn í blaðinu – en við þekkjum öll bátinn og vonandi verður hægt að fara í það sem ég skrifaði um í síðasta pistli.

En áfram með smjör. Þegar þessi pistill kemur þá er desember að ganga í garð og þar með er síðasti mánuður á árinu 2023 að hefjast.

Lítum aðeins á togarana núna í nóvember. Frystitogarinn Hrafn Sveinbjarnarsson GK kom með 644 tonn til Hafnarfjarðar í einni löndun og af því þá var þorskur 208 tonn. Hinn frystitogarinn sem Þorbjörn ehf. gerir út, Tómas Þorvaldsson GK, kom einnig til Hafnarfjarðar með 545 tonn og af því var þorskur 283 tonn. Sóley Sigurjóns GK er kominn með 525 tonn í fimm, landað í þremur höfnum, Jóhanna Gísladóttir GK 403 tonn í sex löndunum, landað í þremur höfnum og mest í Hafnarfirði en vegna þess sem er að gerast í Grindavík eru Vísibátarnir, sem og Jóhanna Gísladóttir GK, tímabundið með heimahöfn sína í Hafnarfirði. Sturla GK 275 tonn í sex og Pálína Þórunn GK 180 tonn í þremur, landað í Sandgerði og Grundarfirði.

Nokkuð vel hefur gengið hjá netabátunum og er Friðrik Sigurðsson ÁR kominn með 108 tonn í nítján róðrum og mest rúm tíu tonn í einni löndun, Addi Afi GK með 28 tonn í tíu og mest 5,9 tonn og Sunna Líf GK 24 tonn í tíu og mest fimm tonn.

Hjá dragnótabátunum er Benni Sæm GK hæstur með 122 tonn í fimmtán róðrum, mest 22 tonn í róðri, og er báturinn í sjötta sæti yfir landið þegar þetta er skrifað.



Siggi Bjarna GK í sætinu á eftir honum og með 108 tonn í fimmtán róðrum og mest átján tonn. Báðir þessir bátar, og líka Aðalbjörg RE, eru á veiðum inni í Faxaflóa, svokallaðir Bugtarbátar. Aðalbjörg RE landaði í Reykjavík og er kominn með 52 tonn í átta róðrum. Sigurfari GK með 100 tonn í fimmtán róðrum en hann hefur að mestu verið á veiðum á Hafnarleir sem eru þekkt dragnótamið. Maggý VE sem var í Sandgerði er kominn til Vestmannaeyja.

Hjá línubátunum er Sighvatur GK með 371 tonn í þremur, Páll Jónsson GK 355 tonn í þremur og Fjöllnir GK 279 tonn í þremur, allir búnir að færa sig til Hafnarfjarðar. Valdimar GK er kominn á veiðar eftir nokkuð langt stöpp út af bilun en báturinn hefur landað 148 tonn í tveimur róðrum og mest 116 tonn í einni löndun.

Helgi skipstjóri á Margréti GK er búinn að halda sig við sína heimahöfn, Sandgerði, síðan í ágúst og hefur gengið vægast sagt ansi vel. Núna er hann kominn með 97 tonn í tólf róðrum og þar af 16,5 tonn í einni löndun. Af þessum afla er þorskur 47 tonn.

VF AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
 gisli@aflafrettir.is

Dúddi Gísla GK er líka að veiða frá Sandgerði út af því sem er að gerast í Grindavík og er kominn með 50 tonn í átta róðrum, af þeim afla eru um tuttugu tonn í Sandgerði. Katrín GK kom suður frá Siglufirði um miðjan nóvember og er búin að fara í tvo róðra, um þrettán tonn. Daðey GK kom líka til Sandgerðis undir lok nóvember frá Skagaströnd en hefur ekki landað þar þegar þessi pistill er skrifaður.

Færabátarnir hafa eitthvað komist út en veiðin er þó nokkuð tregari en var á sama tíma árið 2022. Agla ÁR er með 1,9 tonn í þremur, Guðrún GK 1,3 tonn í tveimur og Dímon GK, sem er hæstur, er með 4,2 tonn í fjórum róðrum og mest 1,5 tonn. Allir í Sandgerði.

Mjög furðulegt að skrifa pistil um sjávarútvegsmál á Suðurnesjum þegar öll þessi óvissa er um hvað verður í Grindavík.

Skafmiðaleikur VÍkurfréttanna, verslana og fyrirtækja á Suðurnesjum



Jólablukka

6000

vinningar!

JÓLABLUKKA VF er boði hjá þessum aðilum



Við drögum út glæsilega vinninga þrisvar í desember, 9., 16. og 23. desember. Skilaðu miðanum þínum (með engum vinningi á) í Nettó í Krossmóa eða Nettó Iðavöllum.

Samtals að verðmæti um 2 milljónir króna!



Skafmiðaleikur Vísurfrétta og verslana og fyrirtækja á Suðurnesjum

6000

vinningar

í Jólalukku Vísurfrétta 2023

Það getur borgað sig að gera jólaínnkaupin á Suðurnesjum!



APPELSÍN MEÐ JÓLAKVEÐJU



Fylgist með í Vísurfréttum og á vf.is



Sjáið þessa útdráttarvinninga!

Við drögum út glæsilega vinninga þrisvar í desember, 9., 16. og 23. desember. Skilaðu miðanum þínum (með engum vinningi á) í Nettó í Krossmóa eða Nettó Iðavöllum.



Híkoki borvél og fylgi-hlutir frá Húsasmiðjunni, Fitjum, Njarðvík



Gisting á Dimond Suites og 3 rétta kvöldverður fyrir tvo

Philips 65" UHK Smart TV frá Nettó

2



25

Nettó inn-eignir í appi



2 stk. 100.000 kr.
3 stk. 50.000 kr.
20 stk. 15.000 kr.



2

KitchenAid Artisan 95 hrærivél steingrá frá Nettó



2

Gisting á Courtyard by Marriott í Reykjanesbæ og morgunverður fyrir tvo.



MÚRBÚÐIN
Lavor háþrýstidæla



Delta hægingastóll með snúning

25



Nóa & Sírius konfektikassar



ÍSLANDSHÓTEL
Gisting í 2ja manna herbergi með morgunverði



Reykjanes Optikk
Gjafabréf 30.000 kr.

Glæsilegir vinningar í Jólahukku frá 50 verslunum og fyrirtækjum á Suðurnesjum





Þrekvirki unnið við að halda framleiðslunni órofinni og efla á sama tíma varnir fyrirtækisins

■ Þótt vélar og búnaður hafi staðist prófið hefur öll starfsemin riðlast.

Óhætt er að segja að starfsfólk HS Orku hafi þurft að laga sig hratt að breyttum aðstæðum í umróti jarðhræringanna á Reykjanesskaga síðustu vikur. Enginn úr um 90 manna starfsliði fyrirtækisins er nú við störf á sinni hefðbundnu vinnustöð, ef frá eru taldir þeir fimm sem alla jafna eru staðsettir í Reykjanesvirkjun. Starfsfólk vinnur nú tímabundið á fjórum mismunandi starfsstöðvum auk þess sem þau, sem það geta, hafa komið sér upp vinnuáætlun heima fyrir. Þrátt fyrir allt umrótið hefur framleiðsla orkuversins í Svartsengi gengið óslitið.

Sjaldan er ein báran stök

Þegar hættuástand var lýst yfir þann 10. nóvember síðastliðinn var Svartsengi rýmt og því ekki lengur unnt að halda úti starfsemi í höfuðstöðvum fyrirtækisins, sem þar eru staðsettar. Í ofanálag stóð fyrirtækið frammi fyrir því að þurfa á sama tíma að rýma skrifstofuástöðu sína í Turninum í Kópavogi vegna viðgerða á húsnæðinu. Til viðbótar því að flytja allt starfsfólk framleiðslunnar úr Svartsengi í Reykjanesvirkjun, tækni- og iðnaðarmenn, lagerfólk og fleiri, varð að finna öðrum teyrum fyrirtækisins tímabundið skrifstofuhúsnæði. Orðatiltækið sjaldan er ein báran stök átti svo sannarlega við á þessum tímamarki.

Kaos og ómanneskjulegt álag



„Fyrsta vikan var mjög kaótísk og nánast ómanneskjulegt álag á sumum, en það er að komast meiri rútna á hjá okkur þótt óvissan hangi enn yfir okkur.“

Við höfum ávallt lagt mikla áherslu á að hugsa vel um fólkið okkar og stjórnendur eru meðvitaðir um mikilvægi þess og eru í góðu sambandi við sitt fólk.“

Þetta segir mannaútsjóri HS Orku, Petra Lind Einarasdóttir, sem fyrir hálfum mánuði varð að hafa hröð handtök í samstarfi við framkvæmdastjórn og finna nýjar starfsstöðvar fyrir hátt í 90 manns,



Meðfylgjandi myndir af starfshópum í HS Orku voru teknar af starfsmönnum fyrirtækisins. Stemningin var góð!

nánast á einni nóttu. Skapa þurfti betri aðstöðu fyrir margfalt fleira starfsfólk í framleiðslu en venjulega er við störf í Reykjanesvirkjun. Einnig varð að finna aðstöðu fyrir hátt í 50 starfsmenn til viðbótar, sem starfa í ýmsum öðrum deildum fyrirtækisins, s.s. á tækni- sviði, í auðlindastýringu, sölu og þjónustu, fjármálum, Auðlindagarði, upplýsingatækni og sjálfbærni.

Á við og dreif um suðvesturhornið

„Við vorum svo lánsöm að fá inni á þremur mismunandi stöðum með nær engum fyrirvara“, segir Petra Lind. „Þróunarfélag Kadeco bauð okkur mjög góða aðstöðu á Ásbrú og þar fer virkilega vel um okkur. Við sem búum á Suðurnesjum sækjum mest þangað. Eitt teymið á tækni- og iðnaðarsviði fékk inni hjá verkfræðistofunni Strendingi í Hafnarfirði, en við erum í samstarfi við þau



HS ORKA

Páll Ketilsson
piket@vf.is



um stækkun orkuversins í Svartsengi og verkefnið var komið vel á veg þegar þessi jarðskjálftahrina hófst. Við erum Strendingi og Kadeco afar þakklát fyrir húsnæðið. Að endingu útvegaði Fasteignafélagið Eik okkur góða aðstöðu á fundahótelinu Akki í Ármúla á meðan húsnæðið, sem við leigjum af þeim í Turninum í Kópavogi, er í viðgerð.“

Órofin starfsemi þrátt fyrir fordæmalausar aðstæður

Merkilegt má teljast að tekist hafi að halda orkuverinu í Svartsengi gangandi í öllum hamagangi náttúrunnar að undanförunu. Mikili álag hefur verið á starfsfólki, ekki síst í framleiðslunni, sem haldið hefur starfseminni órofinni í gegnum allar jarðhræringarnar. Segja má að þrekvirki hafi verið unnið í til að halda framleiðslunni órofinni og efla á sama tíma varnir fyrirtækisins.

Einhverjar skemmdir hafa vissulega orðið á innanstokksmunum og útveggjum auk þess sem töluvert er af sprungum í vegslóðum og borteigum á svæðinu. Engu að síður hefur öll vinnslan orkuversins, hvort heldur er framleiðsla á heitu og köldu vatni eða raforku, gengið að óskum frá því að óvissustigi var lýst yfir þann 24. október síðastliðinn. Virkjuninni hefur nú verið fjarstýrt frá Reykjanesvirkjun í hálfan mánuð og má fastlega búast við því að þannig verði fyrirkomulagið það sem eftir lifir árs.

Hin daglegu verkefni hverfa ekki

„Það hefur orðið gríðarleg breyting á öllum þáttum starfsemi okkar,“



áréttar Petra. Við höfum öll þurft að yfirgefa höfuðstöðvar okkar, þar sem hjarta fyrirtækisins slær. Þótt vélar og búnaður hafi staðist prófið hefur öll starfsemin riðlast. Mörg stór verkefni eru á bið og mikill tími hefur farið í aðgerðir til að lágmarka skaðann ef til eldgoss kemur. Mikili er um fundi með viðbragðsaðilum og hagaðilum og sömuleiðis hefur neyðarstjórn HS Orku fundað reglulega, og stundum oft á dag, síðan þetta ástand hófst. Mikill tími hefur farið í fyrirbyggjandi aðgerðir og því hefur álagið verið gríðarlegt, ekki síst vegna þess að hin daglegu verkefni hverfa ekki.“

Óvissan er allra verst

Það er í verkahring mannaútsjóra að reyna að tryggja góðar starfsaðstæður og búa þannig um hnútana að starfsfólki líði sem best í vinnunni. Síðustu vikur hafa reynst töluvert brekka í þeim efnum: „Við mannfólkið tökum misjafnlega á breytingum og á það eðlilega við okkar fólk líka. Það er misjafnt hversu mikil áhrif þetta ástand hefur á starfsfólk því búseta og verkefni fólks eru mjög mismunandi. Þau eru til dæmis nokkur úr okkar hópi sem þurftu að yfirgefa heimili sín í Grindavík og eru að takast á við miklar áskoranir því tengdu. Við höfum lagt sérstaka áherslu á að miðla upplýsingum til starfsfólks á

hverjum degi, jafnvel þótt ástandið sé óbreytt á milli daga, og fólk kann að meta það. Óvissan er allra verst.“

Samkennd og hjálpssemi stendur upp úr

Fjórar vikur eru nú liðnar síðan óvissustigi var lýst yfir vegna jarðhræringanna í grend við Grindavík og mikið vatn hefur runnið til sjávar á þeim tíma. Ógjörningur er að segja hverju náttúran tekur upp á næstu vikur, mánuði og ár og hugur alls starfsfólks HS Orku er auðvitað fyrst og síðast hjá nágrönnunum í Grindavík sem vita ekki hvort og þá hvenær þeir geta snúið heim til sín á nýjan leik.

En á sama tíma ríkir áfram óvissa um það hvenær hægt verður að flytja aftur inn í höfuðstöðvar HS Orku í Svartsengi. Petra Lind segir með ólíkindum hve vel starfsfólk hefur brugðist við á þessum fordæmalausum tímum og þótt miklir erfiðleikar hafi staðfest að fyrirtækinu megi alltaf taka eitthvað jákvætt út úr kringumstæðunum: „Í öllum erfiðum breytingum er lærdómur og það sem ég upplifi er samkenndin og hjálpssemi sem maður finnur fyrir, hvort sem það er hjá okkar fólki eða samfélaginu í kringum okkur. Það eru allir tilbúnir að leggja á eitt til að láta hlutina ganga sem allra best upp því nóg er af öðrum áskorunum.“



Gleðilegar jólaseríur úti & inni



30%
AFSLÁTTUR
AF JÓLASERÍUM



Verðdæmi:

LED jólasería - 100 ljós - IP44	kr. 1.397	verð áður: 1.995
LED samtengjanleg jólasería - 80 ljós - IP65	kr. 2.377	verð áður: 3.395
LED ljósslanga - 10 m - IP65	kr. 3.497	verð áður: 4.995

Mikið úrval af
rakavörðum
fjöltengjum IP44

Verð frá
kr. **1.995**



Framlengingarsnúra 10 metrar

3.295



Kapalkefli 10 metrar

4.395



Kapalkefli 15 metrar

5.895

25 metrar
kr. 8.495
50 metrar
kr. 14.985



Kapalkefli, rakavarið
IP44 25 metrar

11.795



SENDUM UM
LAND ALLT!
www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!



Vinkonukvöld Soroptimista

Þann 2. nóvember hélt Soroptimistaklúbbur Keflavíkur vinkonubingó sem var vel sótt af kátum konum. Appelsínugult þema var allsráðandi í takt við átakið Roðagyllum heiminn sem hófst 25. nóvember og stendur til 10. desember. Markmiðið er að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi gegn konum, með áherslu á að huga að gedheilbrigði og andlegri heilsu. Liturinn táknar hjartari framtíð án ofbeldis. Af-rakstur af fjáröflunarkvöldinu rennur til Velferðarseturs fyrir þolendur ofbeldis, sem er nýtt úrræði fyrir íbúa á Suðurnesjum.

Fjöldi fyrirtækja og einstaklinga styrktu kvöldið með sal, vinningum, skemmtiatriðum, veitingum, skreytingum og fleiru. Soroptimistaklúbbur Keflavíkur vill þakka öllum velunnurum fyrir dýr-mæta aðstoð og vegleg framlög.

„Við viljum vekja athygli á því að Sigurjónsbakari er að selja snúða og kleinuhringi með appelsínugul-gul-glassúr til styrktar málf-ninu. Það verður gaman að sjá stofnanir, fyrirtæki og heimili roðagyllt og hvetjum við alla sem vettlingi geta valdið til að taka þátt,“ segir í frétt frá Soroptimistaklúbbnum.



Frá vinkonukvöldi Soroptimistakvænna.

Skella mér til útlanda og finna mér ríkan gæja



FS-ingur vikunnar:

Nafn: Ástríður Auðbjörg Halldórsdóttir.

Aldur: 16 ára (2007).

Námsbraut: Raunvísindabraut.

Áhugamál: Að vera með vinum og fjölskyldu, tónlist og að lesa góðar bækur.

Ástríður Auðbjörg ákvað að fara í FS eftir að hafa fengið inntöku í Kvennó en henni fannst hún spara tíma og fá tækifæri til að kynna öllum á Suðurnesjum betur. Ástríður er FS-ingur vikunnar.

Hvers saknar þú mest við grunnskóla?

Sakna mest allra kennaranna, þeir eru allir meistara (sérstaklega tímar hjá Torfa stærðfræðikennara).

Hvers vegna ákvaðst þú að fara í FS?

FS var annað valið mitt, ég valdi fyrst Kvennó og komst inn en ákvað svo að fara í FS vegna þess að það myndi spara mér tíma og ég myndi kynna öllum betur sem búa á Suðurnesjum.

Hver er helsti kosturinn við FS?

Helsti kosturinn við FS er hvað þetta er bara svipað grunnskólanum, ekkert erfið. Einnig er félagslífið kostur.

Hvað finnst þér um félagslífið í skólanum?

Félagslífið er geggjað.

Hvaða FS-ingur er líklegur til að verða frægur og hvers vegna?

Hanna Gróa verður mergjuð körfuboltakona – og ég stefni á að vera geggjaður stuðningsmaður!

Hver er fyndnastur í skólanum?

Halldóra er klárlega fyndust, þessi rauðhærða gella lætur mann auðveldlega fara að hlægja ... biðdu Ástrós er líka fyndin, hún er líka rauðhærð.

Hvað hræðist þú mest?

Það sem ég hræðist mest er að gera mistök en á yngri árum voru það trúðar og dúkkur sem ég var hrædd við.

Hvað er heitt og hvað er kalt þessa stundina?

Heitt eru klárlega uggs og naps eftir skóla en kalt eru lokaprófin.

Hvert er uppáhaldslagið þitt?

Ég á ekki neitt uppáhaldslag en núna er ég mikið að hlusta á Rich Baby Daddy eða jólalög.

Hver er þinn helsti kostur?

Minn helsti kostur er að ég er metnaðarfull og jákvæð.

Hvaða forrit eru mest notuð í símanum þínum?

Mest notuðu forrit eru Snap og TikTok.

Hver er stefnan fyrir framtíðina?

Stefnan fyrir framtíðina er náttúrulega að verða rík. Ef það tekst ekki þá held ég þurfi að skella mér til útlanda og finna mér ríkan gæja. Annars hefur planið verið að klára framhaldsskóla og fara svo í háskóla, þælingin er að fara í lögfræði en það er samt of mikil pappírsvinna þannig ég veit ekki hvort ég enda þar.

Hver er þinn stærsti draumur?

Stærsti draumur er að verða rík og eignast mína eigin fjölskyldu.

Ef þú ættir að lýsa sjálfri þér í einu orði hvaða orð væri það og af hverju?

Ég myndi lýsa mér sem metnaðarfullri því ég set mér markmið og geri mitt allra besta til þess að ná þeim.

Ekki mikið af fyndnu fólki í skólanum

Adam Bjarki er fjórtán ára nemandi í Myllubakkaskóla sem hreinskilinn og hefur tapað í keppni um að borða sterkustu núðlurnar. Adam er ungmenni vikunnar.

Hvert er skemmtilegasta fagið? Íþróttir.

Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna? Sindri og vinir hans því þeir eru mjög góðir í fótbolta.

Skemmtilegasta saga úr skólanum:

Þegar það var keppni í skólanum í að klára að borða sterkustu núðlur í heimi. Ég brenndi mig mikið á vörum og tungunni eftir það og varð að drekka helling af vatni (ég tapaði keppninni).

Hver er fyndnastur í skólanum? Ekki mikið af fyndnu fólki í skólanum mínum ef ég á að vera hreinskilinn.

Hvert er uppáhaldslagið þitt?

Ecuador með Sash og Killer með ABT.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn? Bjúgu með kartöflum og sósu er rosa gott.

Hver er uppáhaldsbíómyndin þín? Ég er ekki viss en mér finnst íslenskar bíómyndir vera skemmtilegar.

Hvaða þrjú hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna? Ég væri með bát til þess að komast heim, ég myndi líka hafa nóg af olíu til að fylla á tankinn og mat svo að ég deyi ekki úr hungri.

Hver er þinn helsti kostur? Minn helsti kostur er að ég er hreinskilinn.



Ungmenni vikunnar:

Nafn: Adam Bjarki Sigurðsson.

Aldur: 14 ára.

Bekkur og skóli: 9. JS í Myllubakkaskóla.

Áhugamál: Arkitektúr og pólitík.

Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja? Það væri næs að geta flögð.

Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks? Jákvæðni.

Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla?

Fara í framhaldsskóla – örugglega FS.

Stundar þú íþróttir eða aðrar tómstundir (hvaða)? Ég fer í ræktina.

Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það? Metnaðarfullur.



Dýrabær

Krossmóa 4 - Reykjanesbæ

Jólagjöfina fyrir dýrið færðu hjá okkur



Stórar sprungur ganga í gegnum hús Helgu við Víkurbraut. VF/JPK

Nokkur hús á Víkurbraut í Grindavík ónýtt



Helga Gestsdóttir, íbúi við Víkurbraut í Grindavík.

„Ég og mín fjölskylda stefnum á að flytja aftur til Grindavíkur,“ segir Helga Gestsdóttir sem á hús við Víkurbraut í Grindavík en telja má víst að hennar hús, ásamt fleiri húsum við Víkurbrautina, sé ónýtt eftir hamfarirnar að undanfögnu í Grindavík. Helga var með dagvistun fyrir börn í bílskúrnum en sem betur fer voru börnin farin heim þegar allt lék á reiðiskjálfi föstudaginn 10. nóvember. Blaðamaður og ljósmyndari Víkurfréttanna fengu að kíkja inn í húsið og var það vægast sagt mjög sérkennileg upplifun, mikill halli á gólfinu og lá við að sjóveiki gerði vart við sig.

Helga var sjálf ekki hrædd en ákvað að flýja heimilið þegar fjögurra ára sonur hennar sagðist vera hræddur. „Ég er mjög jarðbundin að eðlisfari og það þarf mikið til að hreyfa við mér en þegar sonur minn sagðist vera hræddur ákvað ég að þetta væri komið gott og pakkaði niður fyrir tvo daga. Þessir skjálftar voru miklu kröftugri en ég var von en ég átti ekki von á öðru en getað snúið aftur heim þegar þessari hrinu myndi linna. Þegar

ég yfirgaf heimilið sá ég engar skemmdir en bróðir minn bauðst til að kíkja á það þegar hann kom til Grindavíkur eftir að það var leyft að nýju og honum brá þegar hann kom inn. Þá var kominn mikill halli og nokkuð ljóst að húsið er ónýtt. Ég hef heyrt að húsin næst mér séu líka ónýtt, sprungan liggur í gegnum þau. Ég og mín fjölskylda stefnum á að flytja aftur til Grindavíkur þegar þessu linnir en við erum á leiðinni í fri til Indónesíu þaðan sem maðurinn minn er. Það var ákveðið áður en þetta kom upp á og engin ástæða til að breyta þeim plönunum. Svo verðum við



Eins og sjá má hallar íbúðarhúsið og bílskúrinn í sitt hvora áttina.

bara að sjá hvernig málin þróast en okkar hugur er að flytja aftur til Grindavíkur,“ sagði Helga.

100 ára afmæli Kvenfélags Grindavíkur fagnað á Bessastöðum



„Félagskonur skrifuðu á blað þau gildi sem þeim fannst best lýsa Kvenfélagi Grindavíkur, út úr því komu orðin kærleikur, gleði og samvinna og prýða þau orð servíettuna,“ segir Sólveig Ólafsdóttir, formaður Kvenfélags Grindavíkur, en félagið fagnaði 100 ára afmæli föstudaginn 24. nóvember. Búið var að skipuleggja afmælið í íþróttahúsi Grindavíkur en hamfarirnar í Grindavík gerðu þau plön að engu. Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og forsetafrúin, Eliza Reid, höfðu boðað komu sína í afmælið en þau gerðu gott úr stöðunni og buðu kvenfélagskonum í staðinn heim á Bessastaði.

Sólveig, eða Solla eins og hún er oftast kölluð, hefur verið formaður kvenfélagsins síðan 2014. „Kvenfélag Grindavíkur var stofnað 24. nóvember árið 1923 af nokkrum konum í barnaskólanum. Í dag eru 103 konur í félaginu en tilgangur þess er að efla samvinnu meðal kvenna í Grindavík og við viljum leggja einstæðingum og/eða fjölskyldum lið sem á einhvern hátt eru hjálparþurfi. Á hverju ári frá stofnun félagsins fyrir 100 árum hefur Kvenfélag Grindavíkur stutt við hin ýmsu málefni í bænum sínum og ekki síst glatt samfélagið sitt með hinum ýmsu viðburðum. Samkvæmt skýrslum Kvenfélagsambands Íslands kemur fram að félagið hefur gefið rúmar tíu milljónir til góðra mála á síðastliðnum fimm árum.

Við vorum búnar að skipuleggja glæsilegt afmæli í íþróttahúsinu í Grindavík. Von var á forsetahjónunum en þau plön fuku út í veður og vind en í staðinn buðu hjónin okkur að halda afmælisveislu á Bessastöðum. Þar var boðið upp á

kaffi, kleinur og pönnukökur. Það voru um 70 konur sem mættu á Bessastaði og áttum við góða stund þar saman með forsetahjónunum, það var gaman að allir heiðursfélagarnir gátu verið með okkur. Við vorum búnar að skipuleggja kvennamessu í Grindavíkurkirkju á sunnudagskvöldinu 26. nóvember þar sem auk þess áttu að vera tónleikar. Við fengum að koma saman



Heiðruðu konurnar: Stjórnin fyrir aftan frá vinstri: Sæbjörg Erlingsdóttir, Sólveig Ólafsdóttir, Sigurlaug Sigurðardóttir, Brynja Guðmundsdóttir og Linda Kristmundsdóttir Þær sem fengu gullmerki fyrir framan: Bergljót Óskarsdóttir, Guðný Guðmundsdóttir, Bjarghildur Jónsdóttir (heiðursfélagi), Hafdis Ásgeirsdóttir og Krístrún Bragadóttir.

í Bessastaðakirkju eftir heimsóknina til forsetahjónanna og þar heiðruðum við þær konur sem urðu 70 ára á árinu, þær fengu gullmerki félagsins fyrir gott og óeigingjarnt starf. Það var Evelyn Adolfsdóttir, mikil listakona og kvenfélagskona í Grindavík, sem hannaði merkið. Einnig var Bjarghildur Jónsdóttir gerð að heiðursfélagi.

Afmælisblað og servíetta

Glæsilegt 80 síðna afmælisrit er í prentun en kvenfélagskonur létu ekki þar við sitja heldur létu þær hanna afmælisfána og glæsilega servíettu. Fáninn er hannaður af Margréti Ósk H. Hallgrímsdóttur samkvæmt hugmynd Sollu en á honum eru þau hús sem hafa hýst starfsemi kvenfélagsins frá upphafi og Ingibjargarskógurinn við Selskóg. „Svo fengum við allar félagskonur til að skrifa á blað þau gildi sem þeim finnst passa fyrir Kvenfélag Grindavíkur. Úr öllum tillögnum, völdum við þau þrjú gildi sem voru vinsælust; kærleikur, gleði og samvinna. Ég fékk einn heiðursfélaganna, Birnu Óladóttur, til að skrifa þessi orð og sú handskrift er prentuð á servíettunni. Við byrjuðum á að láta prenta á bleikar og hvítar servíettur og gaman frá því að segja að einn vinur Birnu pantaði rauðar með jólasteikinni, að sjálfsögðu verður hægt að fá rauðar líka. Servíettunnar rjúka út eins og heitar lummur og verða enn ein flott fjáröflunin hjá Kvenfélagi Grindavíkur.

Við erum líka mjög stoltar af afmælisblaðinu okkar, 80 síðna glæsilegt blað þar sem farið er vel yfir sögu félagsins en í leiðinni er blaðið happdrættismiði. Á þessum örlagaríka föstudegi vorum við að plana jólabingó kvenfélagsins, allir vinningar klárir og okkur var ekkert að vanbúnaði að halda þetta bingó í grunnskólanum en þetta er alltaf ein stærsta fjáröflunin hjá okkur. Við munum halda þetta bingó við fyrsta tækifæri,“ sagði Solla að lokum.

Matorka flytur vinnsluna vegna skemmda á húsnæðinu



Arni Páll Einarsson, framkvæmdastjóri sölu og vinnslu hjá Matorku.

„Við viljum komast aftur til Grindavíkur, hér er gott að vera,“ segir Arni Páll Einarsson, framkvæmdastjóri sölu og vinnslu hjá Matorku, en þegar blaðamaður og ljósmyndari Víkurfréttanna bar að garði í vinnslusal fyrirtækisins í Grindavík stóðu flutningar yfir. Húsnæðið er talsvert mikið skemmt en sem betur fer höfðu Árni og samstarfsmenn hans snar handtök og vinnsla var í undirbúningi í húsnæði í Hafnarfirði.

Árni sagði að það hefði verið mikið verk að flytja vinnsluna. „Við höfum verið að framleiða bleikju hér í þessum vinnslusal, höfum framleitt um 1.400 tonn

á þessu ári. Því miður er húsnæðið talsvert skemmt og við höfum verið að flytja tæki og tól til Hafnafjarðar. Þar munum við hefja vinnslu að nýju tímabundið því við ætlum okkur aftur til Grindavíkur, hér er gott að vera. Það er búið að vera mikið verk að færa flökunar-, beinhreinsis- og aðrar vélar til Hafnafjarðar en það hefur gengið upp. Við erum með sjálft fiskeldið vestur af Grindavík og það varð fyrir smá tjóni sömuleiðis en sem betur fer er það 90% í lagi svo okkur er ekkert að vanbúnaði að hefja vinnslu á ný. Þar er fiskeldi á fullu og fiskur sem þarf að vinna og flytja út. Það vinna um 45 manns hjá Matorku, langflestir hér í Grindavík og flestir starfsmanna bjuggu hér líka. Hvenær við komumst aftur með vinnsluna til Grindavíkur er ómögulegt að segja til um, bæði megum við ekki vera hér en svo er húsnæðið það mikið skemmt að við mætum ekki vinna hér,“ sagði Arni Páll.

Nánar er rætt við Helgu og Árni í Sjóvarpi Víkurfréttanna og eru viðtölin aðgengileg á YouTube-rás Víkurfréttanna og í rafrænni útgáfu blaðsins.

Njótum aðventunnar saman í Aðventugarðinum!

Aðventugarðurinn
í Reykjanesbæ

Föstudaginn 1. desember kl. 17:00
Aðventuganga og tendrun á jólatré að henni lokinni.
Mæting í Aðventugarðinn.

Aðventugarðurinn er opinn frá kl. 14:00-17:00
laugardaga og sunnudaga fram að jólum!

Jólastemning og jólavörur í jólakofunum.
Jólasveinar, Grýla, Lalli töframaður, Ísbjörn,
snjóprinsessa og margt fleira.

Aðventusvellið opið allar helgar - frekari upplýsingar á adventusvellid.is



**Njarðvíkingar
efstir karla-
megin og Keflavík
kvennamegin**

Suðurnesjaliðin á góðu róli í báðum deildum

Keppni í Subway-deildum karla og kvenna í körfuknattleik er í algleymingi og eftir síðustu umferð eru Njarðvíkingar efstir hjá körlum og Keflavík hjá konum. Njarðvíkurkonur koma skammt á eftir nágrannakonum sínum og hjá körlunum er lið Keflavíkur í öðru til áttunda sæti, svo jöfn er deildin. Grindavík hefur sömu leiðis farið vel af stað, kvennaliðið er í þriðja til fjórða sæti og karlalið Grindavíkur, sem hafði unnið fjóra leiki í röð fyrir síðustu umferð, er einum sigri frá liðunum í öðru til áttunda sæti.



Kvennalið Grindavíkur tapaði fyrir Stjörnunni eftir að hafa unnið fyrsta „heimaleikinn“ í Smáranum. Myndir úr safni VF/JPK

Í Subway-deild kvenna urðu óvænt úrslit þegar topplið Keflavíkur tapaði fyrir nýliðum Þórs á Akureyri, 87:83. Spurning hvort þær keflvísku hafi komið værukærar til leiks en lið Þórs hefur spilað vel á þessu tímabili og er með fimm sigra og fjögur töp. Kvennalið Njarðvíkur gerði góða ferð á Hlíðarenda og vann öruggan sigur á Íslandsmeisturum Vals, 53:75.

Áð lokum töpuðu Grindavíkurkonur sínum leik á móti Stjörnunni, 89:80, en þær höfðu líka unnið fyrsta „heimaleik“ sinn í Smáranum. Spurning hvort hinn nýi raunveruleiki Grindvikinganna sé að koma aftan að þeim í komandi leikjum.

Næstu leikir liðanna eru þessir:

Karlar:
Keflavík - Breiðablik, fimmtudagskvöld kl. 19:15
Hamar - Njarðvík, fimmtudagskvöld kl. 19:15
Valur - Grindavík, fimmtudagskvöldið kl. 19:15

Konur:
Flest liðin áttu leik á þriðjudagskvöld eftir að Víkurfréttir fóru í prentun en fjallað verður um úrslit leikja á vef Víkurfrétta, vf.is.

Stórleikur verður í Bluehöllinni miðvikudagskvöldið 29. nóvember kl. 19:15 þegar Keflavík tekur á móti Njarðvík í sannkölluðum toppslag.



Sigurður Pétursson átti stórleik með Keflavík gegn Grindavík og var valinn Lykillleikmaður umferðarinnar á vefmiðlinum Karfan.is.

Njarðvíkingar tóku á móti liði Þórs frá Þorlákshöfn í síðustu umferð og miðað við stöðu liðanna mátti búast við jöfnum leik en því fór víðs fjarri, Njarðvíkingar unnu öruggan sigur, 103:76.

Grindavík og Keflavík áttust við í Suðurnesjaslag og var um „heimaleik“ Grindvikinga að ræða en hann fór fram á nýjum, tímabundnum heimavelli Grindvikinga í Smáranum í Kópavogi. Grindvikingar höfðu nýlega unnið Hamar í fyrsta „heimaleik“ sínum og var troðfullt hús á þeim leik. Eithvað virtust Grindvikingar vera komnir niður á jörðina í spennufalli og áttu aldrei möguleika á móti sprækum Keflvíkingum sem unnu 82:111.


1X2 „BRUMAD Á PRETTÁN“

Tipparar hittast á Brons

Einhvern tíma er allt fyrst, það átti við á laugardaginn en þá tapaði Jóhann Birnir Guðmundsson í fyrsta skipti fyrir Njarðvík. Hámundur Örn Helgason tók fyrrum atvinnumanninn úr ensku úrvalsdeildinni 7-6 í leik sem bauð ekki upp á hátt stigaskor en mikið var um óvænt úrslit. Prettán réttir gáfu tæpar tíu milljónir svo það má sjá að seðillinn var erfiður. Hámundur heldur því velli og röðin er aftur komin að Grindvikingi og varð Bjarki Guðmundsson fyrir valinu en hann hefur oft verið með puttana í getraunastarfi knattspyrnudeildar UMFG í gegnum tíðina. Bjarka list vel á komandi slag gegn Hámundi.

„Ég var að reyna finna mynd af mér síðan ég var í tipleik Víkurfrétta, fyrir sennilega um 35 árum síðan. Mig minnir að ég hafi unnið þá og stefni að sjálfsgöðu á að vinna Hámund. Ég var gutti þegar ég byrjaði að selja getraunaseðla fyrir Knattspyrnudeild Grindavíkur, þá gekk maður í hús og seldi. Svo hef ég af og til verið með puttana í starfinu í Gula húsinu og bara gaman að fá að taka þátt núna í tipleik Víkurfrétta. Ég mun pottþétt mæta á Brons á laugardaginn, þykist vita að Gunnar Már verði mættur þangað til að gefa grindvískum tippurum kost á að tippa og skora á hin félögin hér í Reykjanesbæ, að gera slíkt hið sama. Þetta verður mjög skemmtilegur hittingur ef tipparar koma saman, spá í heimsmálin og komandi seðil. Ég hlakka mikið til laugardagsins,“ sagði Bjarki.

Hámundi list vel á að fá Grindviking aftur að borðinu. „Ég mun ekki sýna Bjarka neina miskunn þótt ástandið í heimabænum hans sé ekki gott. Það hefur verið gaman að fylgjast með getraunastarfi Grindvikinga í Gula húsinu í Grindavík og ég vona að mínir menn í Njarðvík taki við sér og þessi hefð verði til. Það mun Njarðvikingur mæta á Brons á laugardaginn til að sjá um tippið og mun ég hringja í nokkra valinkunna sem munu mæta og haka við 260 til stuðnings við knattspyrnudeild Njarðvíkur. Ég hef verið að hitta nokkra góða í Ljónagryfjunni og þeir eru ósáttir við að ég minnst aldrei á þá á meðan ég er í tipleik Víkurfrétta, ég er hér með búinn að því og hlakka til að hitta þá félagamín á Brons á laugardaginn,“ sagði Hámundur.



Hámundur	Seðill helgarinnar	Bjarki
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Newcastle - Man.Utd.	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Nott.Forest - Everton	<input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Arsenal - Wolves	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Brentford - Luton	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Burnley - Sheff.Utd.	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Hull - Watford	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Ipswich - Coventry	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Leeds - Middlesbro	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Millwall - Sunderland	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Plymouth - Stoke	<input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	Sheff.Wed. - Blackburn	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Southampton - Cardiff	<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>
<input checked="" type="checkbox"/> <input type="checkbox"/> <input type="checkbox"/>	Swansea - Huddersfield	<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>



Grindvískir tipparar komu sér vel fyrir á Brons um síðustu helgi.



Glímukappar úr Reykjanesbæ í verðlaunasetum á Íslandsmeistaramóti

Um helgina fór fram Íslandsmeistaramótið í glímu. Fjórutíu og fimm keppendur tóku þátt í móti og urðu glímurnar hundrað og sex. Mótið fór fram á Hvammstanga og var aðstaða og utanumhald mótsins til algjörar fyrirmyndar.

Glímukappar úr glímu deild Njarðvíkur stóðu sig vel á móti. Arnar Einarsson sigraði flokk 10-11 ára drengja, Ýmir Eldjárn Guðmundsson varð annar og bróðir hans, Fenrir Frosti, hafnaði í fjórða sæti. Lena Andrejenko sigraði flokk 13 ára og er það þriðja árið í röð sem hún tekur þennan titil. Svala Gautadóttir varð önnur í flokki 15-16 ára.

Rafíþróttir eru komnar til að vera

– segir Atli Már Guðfinnsson sem tók við sem yfirþjálfari rafíþróttadeildar Keflavíkur [RAFÍK] síðasta haust. Atli hefur spilað tölvuleiki eins lengi og hann man eftir sér og hefur mikla reynslu að deila með ungu og efnilegu rafíþróttafólki. Víkurfréttir tóku tal af Atla sem fræddi okkur um starfsemi rafíþróttadeildarinnar og út á hvað skipulagðar æfingar í rafíþróttum ganga.



Atli Már leiðbeinir á æfingu.

Byrjaði að spila í Underground

Á þriðja tug krakka á aldrinum átta til sextán ára sem æfa í þremur hópum hjá RAFÍK segir Atli. „Ég er nýtekinn við sem yfirþjálfari deildarinnar og er með þrjá hópa í gangi núna; átta til tólf ára, þrettán til sextán og svo keppnishóp.“

Hver er þinn bakgrunnur í rafíþróttum?

„Ég hef spilað tölvuleiki frá því að ég var smápolli. Byrjaði að spila í Underground, sem var undir þar sem Fjölskylduhjálpi Íslands er núna, og hef spilað síðan þá. Hef alltaf verið að spila einhverja leiki, aldrei stoppað. Ég hef kannski aldrei verið eitthvað frábær í tölvuleikjum en ég kann á þá alla og skýri út á hvað þeir ganga fyrir krökkunum og kenni þeim á þá. Svo notast maður líka við tæknina sem er í dag til þess að finna nýjar leiðir til að kenna þeim.“

Atli segir að rafíþróttadeildin snúist ekki eingöngu um að spila tölvuleiki og hans starf snúist um annað og meira en það.

„Sko, það eru ekkert allir sem koma til að spila og ætla sér að ná eitthvað langt í íþróttinni, það er langtímamarkmið sem verður vonandi að veruleika seinna meir en margir krakkanna koma fyrst og fremst til að komast út af heimilinu og hitta aðra krakka. Sumir eru bara félagslega einangraðir og þurfa að hitta einhvern og ég reyni svolítið að fá þau til að tala saman, tengjast við hvert annað og efla félagsleg tengsl sín – og vinna í því að eignast vini. Krakkar eru svo rosalega einangraðir núna þegar allir eru á TikTok og senda bara skilaboð á Messenger, þau tala varla við hvert annað.“

Atli segir að hann reyni að leiðbeina þeim í samskiptum með ákveðnu spjallforriti sem heitir Discord. Þar eiga krakkarnir samskipti sín á milli og hann fylgist með.



Einbeitingin skín af þessum Fortnite-keppanda.

RAFÍÞRÓTTIR

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



gera æfingar, liðka sig til og koma blóðinu á hreyfingu. Ég lét þau gera armbeygjur, hnébeygjur og leik mér með allskonar æfingar. Svo spjöllum við saman, ég við þau og þau við mig. Ég leiði svolítið samtalið og fæ þau til að segja mér frá einhverju sem er að gerast hjá þeim, fæ þau til að spjalla saman og hafa gaman. Þetta snýst ekki bara um að sitja í tölvunni. Síðan fæ ég þau til að segja hvaða leik þau ætli að spila og raða þeim saman sem vilja að spila sama leikinn. Svo hef ég umsjón með því sem er að gerast og þegar svona tíu mínútur eru eftir af æfingunni þá tökum við hugleiðslu, slökkvum ljósin og allir ná sér aðeins niður eftir öll lætin.“

Það er á dagskrá hjá Atla að taka í notkun Kahoot-spjöld þar sem hann er óbeint að kenna krökkunum um betri heilsu. „Þar er ég að spyrja þau spurninga um svefn og mataræði og þess háttar. Þá er ég að kenna þeim um heilbrigði í undirmerðvitundinni. Þau elska að vera í Kahoot og það ætti ekki að vera vandamál að lauma inn jákvæðum upplýsingum um heilsusamlegan lífsstíl – smygla inn grænmeti með kjötinu.“

RAFÍK heldur opið mót í Fortnite

Opið mót í Fortnite verður haldið í húsnæði rafíþróttadeildar Keflavíkur við Hringbraut næstkomandi laugardag, 2. desember. „Við erum að halda mótið til að kynna starfsemi hjá okkur. Þarna keppa krakkar frá okkur í RAFÍK, það koma líka krakkar utan úr úr bæ, Reykjanesbæ, og FH í Hafnarfirði. Þau höfðu samband frá Rafíþróttadeildinni.“



Atli Már Guðfinnsson er yfirþjálfari rafíþróttadeildar Keflavíkur.

sambandi Íslands og spurðu hvort það mætti ekki koma með krakka frá höfuðborgarsvæðinu og ég svaraði því auðvitað játandi, það koma allavega fimm keppendur frá FH sem er mjög spennandi. Það er mikil aðsókn í mótið svo það er alveg hugsandi að við hendum í annað mót fljótlega eftir áramót.

Það er ekkert svo mikið mál að halda svona mót, við fáum stuðning frá mörgum fyrirtækjum sem gefa gjafabréf í verðlaun og svo er auðvitað pizzaveisla í lokin. Það er gaman að koma saman,

hittast og spila saman – og ekki er verra að fá verðlaun fyrir það,“ sagði Atli að lokum en bætir við að fyrir utan mót og æfingar þá er hægt að leigja út aðstöðuna og tölvurnar fyrir hópa.

Opna mótið í Fortnite hefst klukkan 13:00 laugardaginn 2. desember og er öllum áhugasömum velkommið að kíkja við til að kynna starfsemi deildarinnar. Húsnæði rafíþróttadeildar Keflavíkur er í gamla K-húsinu við Hringbraut.



Ungrur rafíþróttamaður að spila Fortnite.

Gefðu myndlistarvörur um jólin

Hjá okkur færð þú einfaldlega allt í jólapakkann fyrir myndlistarfólk á öllum aldri. **Gjafasett** sem slá alltaf í gegn, allar tegundir **lita**, ótrúlegt úrval af **trönum**, **pensla**, **pappír**, **skissubækur**, **möppur**, **striga**, **blindamma**, **spreybrúsa** og margt, margt fleira.

SLIPPFÉLAGIÐ Opið:
Hafnargötu 54 **8-18** virka daga
Reykjanesbæ **10-14** laugardaga
S: 421 2720 **slippfelagid.is**

Ómissandi hlutir

Við erum dugleg að taka upp allskonar ósiði frá Ameríku. Sérstaklega í nóvember. Allir eiga þessir dagar það sameiginlegt að þeir kosta. Dagur einhleypa, Svartur föstudagur, Net mánudagur eru allt dagar þar sem verslunareigendur reyna með allskonar gylliboðum að fá okkur til að kaupa eitthvað sem þeir vilja meina að við getum ekki verið án, á verði sem býðst aldrei aftur.

„Við kaupum hluti sem við þurfum ekki fyrir pening sem við eigum ekki, til að ganga í augun á einhverjum sem við þekkjum ekki,“ sagði formaður neytendasamtakanna nýlega í viðtali. Órugglega orð að sönnu í tilfelli margra þeirra sem versla á þessum tilboðsdögum. Við kaupum allskonar hluti sem við vissum ekki einu sinni að við þyrftum, vegna þess að verðið er svo gott. Setjum það svo inn í skáp eða í geymslu, þangað til við höldum að við þurfum að nota það.

Verð að viðurkenna að sjálfur er ég ótrúlega gínkeyptur fyrir orðinu afsláttur. Hef í gegnum lífið keypt allskonar dót sem ég hef talið að ég gæti ekki verið án. Var reyndar minntur rækilega á það nýlega þegar við hjónin minnkuðum við okkur húsnæðið og fórum á eftirlaun. Ég hafði reiknað með að áður en flutningarnir hófust að við þyrftum nú ekki að losa okkur við mikið, helst væri það að finna í skóskáp konunnar eða fataskáp en annað kom í ljós. Bílskúrin varð vandamálið.

Ég átti mörg sett af allskonar verkfærum, allt saman nauðsynlegt á þeim tíma sem þau voru keypt en höfðu í tímann rás safnast upp í góðan lager, lá nánast óhreyfður. Atti til að mynda átta tegundir af dúkahnífum sem ég vissi ekki af og sennilega tvö hundruð blöð í þá. Sem minnti mig svo á sögu þegar ég lánaði tvíburabróður mínum bílskúrinn til að dytta að ferðabílum sínum. Mér er sagt að við

LOKAORÐ



HANNESAR FRÍÐRIKSSONAR

séum alveg eins, þó hann virki mun eldri þegar ég horfi á hann.

Hann hafði ætlað sér að leggja teppi í bílinn en hafði gleymt að taka með sér dúkahníf, sem var jú forsenda þess að hann gæti dúkaglagt. Kom til mín og spurði hvort ég ætti ekki dúkahníf. Ég leit yfir hvað ég ætti en sá ekki dúkahnífinn í snöggu bragði. Sagði: „Nei, þú verður að skreppa í Húsa-smíðjuna og kaupa þér einn.“

Hann fór af stað og kom til baka. Hafði ekki keypt neitt. Hann hafði lent í þessum daglega tvíburamískilningi okkar bræðra. „Ég spurði afgreiðslumanninn hvar dúkahnírnir væru,“ sagði hann. „Þú átt allavega fimm dúkahnífa,“ hafði afgreiðslumaðurinn svarað, „keyptir einn í síðustu viku.“ Hann reyndi að útskýra að hann væri ekki ég. Afgreiðslumaðurinn sýndi skilning en sendi hann til baka. Sagði að ég hefði verið þarna í síðustu viku og fengið góðan afslátt af þessum dúkahníf sem ég keypti. „Hann er bara svo nískur, hann gæti bara lánað honum hnífinn í stað þess að sitja á honum sem ómissandi dýrgrip,“ hafði afgreiðslumaðurinn sagt. Eftir litla leit fannst hnífurinn og hann gat klárað verkið.

Ég skyldi þá að ég væri einn þessara umhvefissóða sem ég væri stöðugt að gagnrýna, og hef nú fengið að heyra það reglulega í fimmtán ár, undir þeim formerkjum að ég tímdi ekki að lána það sem ég hefði keypt á afslætti. Það væru ómissandi hlutir.



Athafnasvæði Njarðvíkurhafnar verður gjörólikt því sem það er í dag.

Mýnd: Verkfræðistofa Suðurnesja



Mundi

Hannes beittur ... eins og hnífafafnið hans!

Útboð dýpkunar Njarðvíkurhafnar auglýst og hugað að næstu skrefum

Útboð vegna dýpkunar Njarðvíkurhafnar hefur verið auglýst á útboðsvef Vegagerðarinnar og útboðsvef opinberra innkaupa. Þar kemur fram að tilboðum skal skila inn í síðasta lagi fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 9. janúar 2024.

Atvinnu- og hafnarráð Reykjanesbæjar lýsti á síðasta fundi sínum yfir ánægju með að fyrsti áfangi framkvæmdanna í Njarðvíkurhöfn sé að hefjast og telur að nú sé rétt að huga að næstu skrefum í þeirri uppbyggingu sem framundan er í Njarðvíkurhöfn. Þær framkvæmdir kalla m.a. á nýja

aðkomu að hafnarsvæðinu sem og breytingu á legu yfirfallslagnar hreinsistöðvarinnar að Fitjum.

Atvinnu- og hafnarráð felur sviðsstjóra að óska eftir fundi með fulltrúum umhverfis- og framkvæmdasviðs Reykjanesbæjar til að fara yfir þessi mál, segir í fundargerð ráðsins.

Vatnsból Sveitarfélagsins Voga við Stapa öruggt

Markmið neyðarstjórnar hjá Sveitarfélaginu Vogum er að miðla á sem bestan hátt upplýsingum til bæjarbúa. „Gott upplýsingaflæði er lykillinn að góðu samstarfi milli bæjarbúa og bæjaryfirvalda,“ segir í tilkynningu þar sem bæjarbúar eru jafnframt hvattir til að koma með ábendingar sé eitthvað óljóst.

„Að því tilefni þá viljum við upplýsa Vogabúa um að vatnsból okkar Vogabúa er staðsett við Stapann, rétt við Stofnfisk. Stað-

setning vatnsbólsins gefur okkur Vogabúum gott öryggi hvað neysluvatn varðar þrátt fyrir þær jarðhræringar sem standa nú yfir.

Þetta vatnsból þjónustar bara okkur Vogabúa og teljum við því ekki stafa hætta ef allt fer á versta veg. Jafnframt teljum við okkur í ágætum málum hvað varðar afhendingaröryggi á rafmagni, en fari svo að rafmagnið detti út þá mun vararastöð taka við að dæla vatni úr vatnsbólunni,“ segir í tilkynningu neyðarstjórnarinnar.



HÚSMÍÐJAN

AÐVENTU HÁTÍÐ Í REYKJANESBÆ

25%

Jólaseriur • Skreytingaefni • Jólástyttur • Jólaseríettur
Jólaskraut • Kerti • Jólaljós • Jólappír • Gervijólatré
Aðventuljós ... og margt fleira

Þar sem jólin biða þin



33%

Aðventuljós
7 ljósa, hvítt, rautt
eða svart. 14500401-3
1.990 kr
2.990 kr

26%

Jólástjarna
Fersk og falleg.
10327510
1.990 kr
2.690 kr

Opið
sunnudag
um land allt

Sjá nánar
husa.is